

## **Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf. 2025.**

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. boðar hér með til aðalfundar sem haldinn verður í Björtuloftum, 5. hæð í Hörpu, hinn 31. mars næstkomandi og hefst klukkan 15:00.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundur settur.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Afstaða tekin til lögmæti fundarins.
4. Ávarp stjórnarformanns.
5. Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
6. Endurskoðaður ársreikningur 2024 lagður fram til staðfestingar.
7. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
8. Kosning stjórnar.
9. Tilnefning í endurskoðunarnefnd.
10. Kosning endurskoðanda.
11. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
12. Starfskjarastefna félagsins.
13. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Reykjavík, 12. mars 2025.

F.h. stjórnar Hörpu,



Svanhildur Konráðsdóttir

# Aðalfundur Hörpu 2025

Aðalfundur verður haldinn á Björtuloftum í Hörpu, 31. mars klukkan 15:00.

## Tillögur bornar fram á fundinum

### Dagskrárliður 7:

Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð. Stjórn leggur til að afkoma ársins yfirfærast til næsta árs og að ekki verði greiddur arður.

### Dagskrárliður 8:

Kosning stjórnar

### Dagskrárliður 9:

Tilnefning í endurskoðunarnefnd.

Stjórn félagsins leggur til að Hjörleifur Pálsson, stjórnarmaður, fyrrverandi fjármálastjóri og endurskoðandi verði kjörinn óháður aðili í endurskoðunarnefnd félagsins.

### Dagskrárliður 10:

Kosning endurskoðenda.

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykkt fyrir félagið.

### Dagskrárliður 11:

Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Lagt er til að þóknun fyrir setu í stjórn hækki um 3 %.

### Dagskrárliður 12:

Starfskjarastefna Hörpu.

Starfskjarastefna Hörpu var undirrituð af stjórn 21. ágúst 2024.

Stjórn leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

[Starfskjarastefnu Hörpu](#) má finna á heimasíðu félagsins.

# Starfskjarastefna Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

## 1. Almenn

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög ber stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. („Harpa“) að samþykkja starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til stjórnar félagsins sem og annars starfsfólks.

## 2. Tilgangur

Starfskjarastefna Hörpu miðar að því að Harpa sé samkeppnishæf og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi vöxt og velgengi félagsins. Starfskjarastefnan nær til helstu grundvallaratriða í starfs- og launakjörum stjórnarmanna og annars starfsfólks. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Starfskjarastefna Hörpu er órjúfanlegur hluti af jafnlaunastefnu félagsins.

## 3. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Þóknun þeirra skal ákveðin á aðalfundi ár hvert svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga um hlutafélög.

## 4. Launajafnrétti

Eins og kemur fram í jafnlaunastefnu Hörpu mun kynbundinn launamunur ekki líðast hjá félaginu. Starfsfólki sem sinnir jafn verðmætum störfum skulu greidd sömu laun og hlunnindi og er það tryggt með ferlum jafnlaunavottunar sem Harpa hefur hlotið.

## 5. Starfskjör starfsfólks

Starfskjör starfsfólks Hörpu skulu vera samkeppnishæf við sambærileg fyrirtæki og miðast við þann markaðshóp sem hver starfshópur tilheyrir. Tekið er tillit til frammistöðu við ákvarðanir um stöðuveitingar, launabreytingar og aðra umbun starfsfólks.

## 6. Önnur hlunnindi

Stjórn félagsins er óheimilt að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum með eftirfarandi hætti:

- Afhendingu hluta.
- Árangurstengdum greiðslum.
- Hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslum sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
- Lánasamningum.
- Starfslokasamningum við stjórnarmenn.

## 7. Upplýsingagjöf

Á aðalfundi félagsins skulu hluthafar upplýstir um heildarfjárhæð greiddra launa til stjórnarmanna og forstjóra á liðnu starfsári sem og starfslokagreiðslur ef einhverjar eru.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

## 8. Samþykkt starfskjarastefnu

Þessi starfskjarastefna Hörpu er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess mæli lög ekki fyrir um annað og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að ofan. Starfskjarastefnuna skal samþykkja á aðalfundi félagsins með eða án breytinga. Frávik frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki í gerðarbók félagsstjórnar.

Þannig samþykkt af stjórn Hörpu 21. ágúst 2024.

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir  
Stjórnarformaður

Árni Geir Pálsson  
Varaformaður stjórnar

Gunnar Sturluson  
Meðstjórnandi

Hrönn Greipdóttir  
Meðstjórnandi

Jón Sigurgeirsson  
Meðstjórnandi